



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 23.júlí

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps
23. júlí 2019, haldinn í Hamrahlöð 15 kl. 16:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Sveinn Daníel Sigurðsson, Lárus Ármannsson, Axel Sveinbjörnsson, Ragna Lind Guðmundsdóttir og Ingólfur Arason. Einnig sátu fundinn Þór Steinarsson, sveitarstjóri, er ritaði fundargerð og Sigurður Jónsson byggingafulltrúi í gegnum fjarfundarbúnað.

Í upphafi var óskað afbrigða um að taka inn á dagskrá mál nr. 4: Umsókn um skógrækt í Leiðarhöfn. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Svínabakkar, umsókn um byggingarleyfi vegna 47,88 fm vélageymslu. Um er að ræða óeinangað og óupphitað stálgrindarhús framleitt úr bogavölsuðum stálbitum. Klæðning er úr bogavölsuðu bárujárni. Samþykkt samhljóða.

2. Deiliskipulag á miðhluta hafnarsvæðis. Tillaga í auglýsingu. Engar athugasemdir við deiliskipulagið bárust á auglýsingartímanum. Mælt með því við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

3. Breytingar á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026. Tillaga á vinnslustigi. Farið yfir þær athugasemdir sem bárust vegna breytinga á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps. Alls bárust athugasemdir frá 8 stofnunum. Minjastofnun Íslands, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Fljóttsdalshéraði, Langanesbyggð, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samgöngustofu og Vegagerðinni. Í athugasemd frá Náttúrufræðistofnun er bent á viðkvæmt vistkerfi Skipshólma. Bætt verður inn í skipulagið nákvæmari lýsingu á hvar staðsetning er heimiluð, n.t.t. við norðurenda hólmsins þannig að umferð fari ekki inn á hólminn sjálfan. Einnig kemur fram ábending frá Náttúruminjustofnun um að ekki sé vikið að almennri náttúruvernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga í umfjöllun um frístundahús. Athugasemdin er tekin til greina og texta verður breytt þannig að hann taki tillit til lagagreinarinnar. Í umsögn vegagerðarinnar er tiltekið að tilgreina þurfi veghelgunarsvæði við þjóðvegi í skipulagsuppráttum. Tekið verður tillit til ábendingar Vegagerðarinnar. Aðrar umsagnir voru jákvæðar eða ekki ástæða til að taka sérstaklega til umræðu. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að greinargerðin taki mið af þessari afgreiðslu og verði þannig samþykkt af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

4. Umsókn um skógrækt í Leiðarhöfn.

Fyrir liggur umsókn Ársæls Friðrikssonar og Ingveldar Þ. Einarsdóttur um 36,6 hektara nytjaskógrækt í landi Leiðarhafnar dagsett 15. júlí. Umsóknin er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún borin upp til samþykktarm hún samhljóða samþykkt – fundi slitið kl. 17:08.